

Gjaldskrá 2020 fyrir hundahald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Við skráningu hunda skal greiða skráningargjald kr. **3.037,-**

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna hunda kr. **9.344,-** Gjaldið á að standa undir kostnaði vegna ormahreinsunar ef framvísað er staðfestingu á að ormahreinsun hafi verið framkvæmd lækkar gjaldið um 50%.

3. gr.

Af hundum sem handsamaðir eru og fluttir í gæludýrageymslu Dalvíkurbyggðar samkvæmt 14. gr. samþykktar um hundahald í Dalvíkurbyggð skal eigandi greiða handsömunnar-, fóður- og vistunargjald áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Ef hundur er ekki örmerktur samkvæmt 9. gr. sömu samþykktar ber einnig að greiða þann kostnað gegn beiðni til dýralækna sem framkvæma slíkt.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðra hundar ber að innheimta kr. **5.838,-** vegna handsömunnar og gjald fyrir fóður og vistun samkvæmt kostnaði. Gjald fyrir örmerkingu hunda fer eftir gjaldskrá viðkomandi dýralæknis hverju sinni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

6. gr

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni eru uppreiknuð um 2,5% samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar að hausti 2019 og miðast við neyslúvísitölu, grunnur 1988, september 2019 (470,5 stig).

Samþykkt í landbúnaðarráði Dalvíkurbyggðar 13. nóvember 2019

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar 29. nóvember 2019

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Dalvík 17. desember 2019